

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr.36/2001, um Seðlabanka Íslands**

Innan Viðskipta- og Raunvísindadeildar Háskólans á Akureyri hefur frumvarp til laga um breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands verið tekið fyrir af hópi starfsmanna deildarinnar í umboði deildarforseta að beiðni Viðskiptanefndar Alþingis. Athugasemdir við frumvarpið fara hér á eftir saman teknar af undirrituðum. Þær greinar sem eru tilteknaðar eiga við greinar í frumvarpinu en ekki í núverandi lögum.

3.gr.

- a) Umsóknir um stöðu seðlabankastjóra ber að meta af til þess skipaðri matsnefnd sem gæfi faglegt mat á hæfni umsækjanda.
- b) Æskilegt er að skipunartími seðlabankastjóra sé 5 ár.
- c) Taka ber fram í lögnum að auglýsa skuli starfið á alþjóðlegum vettvangi, gjarnan í viðurkenndum fagtímaritum.
- d) Nauðsynlegt er að seðlabankastjóri hafi góða hagfræðimenntun á sviði peningamála auk þess að hafa viðtæka reynslu af efnahags- og peningámálum. Ekki ber að gera minni kröfur um menntun en meistarapróf í hagfræði og æskilegt væri að óska doktorsprófs í hagfræði.
- e) Seðlabankastjóri ætti að hafa staðgengil innan bankans í stað þess að slíkt væri ákvörðun forsætisráðherra hverju sinni. Staðgengill seðlabankastjóra þarf að uppfylla sömu hæfniskröfur og seðlabankastjóri. Staðgengillinn ætti sæti í peningastefnunefnd.

4. gr.

- a) Gaumgæfa þarf hvort breytingu gjaldeyrisforða ætti að telja sem eitt af stjórnækjum bankans. Í frumvarpinu virðist sem viðskipti á gjaldeyrismarkaði sem stjórnækki megi eingöngu hafa það að markmiði að hafa áhrif á gengi krónunnar.
- b) Peningastefnunefnd er nauðsynlegur aðili til að tryggja skynsamlegar ákvarðanir í peningámálum. Hins vegar er óæskilegt að allir nefndarmenn eigi skipun sína í nefndina undir seðlabankastjóra. Utanaðkomandi faglegur aðili ætti að tilnefna þá tvo nefndarmenn sem ekki eru starfsmenn bankans.
- c) Æskilegt er að niðurstöður peningastefnunefndar verði gagnsæ, úrslit atkvæðagreiðslna verði birt sem og rök og mótrök við viðkomandi ákvörðun.

5. gr.

- a) Koma þarf fram í lögnum að seðlabankastjóri megi hvorki eiga hlutdeild í fyrirtækjum né viðskipti á gjaldeyrismarkaði í því augnamiði að hagnast á vaxtamun né gengisbreytingum. Einnig geri seðlabankastjóri grein fyrir eignatengslum nánustu fjölskyldu á sama hátt og fruminnherjar fjármálafyrirtækja þurfa.

Akureyri 12. febrúar 2009

Virðingarfyllt

Jón Þorvaldur Heiðarsson